

SKÝRSLUR
FORNLEIFAVERNDAR RÍKISINS 2004



**Úttekt á manngerðum hellum
á Suðurlandi sumarið 2003**

Agnes Stefánsdóttir
Kristinn Magnússon

INNGANGUR

Á Suðurlandi allt frá Ölfusi og austur í Mýrdal eru manngerðir hellar víða á bæjum. Manngerðir hellar eru göng eða hvelfingar sem menn hafa holað í hart eða hálfhart berg. Þeir eru misstórir, þeir minnstu aðeins örfáir fermetrar en þeir stærstu allt að 200 fermetrar. Vitað er um hátt á annað hundrað manngerða hella á landinu, fjóra á Norðurlandi en annars eru þeir óþekktir utan Suðurlands. Margir hellanna eru ævagamlir. Sumum þeirra tengjast sögusagnir um dvöl papa á landinu fyrir landnám norrænna manna. Á síðari öldum hafa þeir verið notaðir sem fjárhús, hlöður eða geymslur og tengjast einnig oft útihúsum. Í mörgum hellanna eru gamlar veggristur, fangamörk, ártöl, krossmörk, búmerki og jafnvel rúnir. Öll mannvirki sem orðin eru eldri en 100 ára eru friðuð skv. þjóðminjalögum. Á árunum kringum 1930 friðlýsti Matthías Þórðarson þáverandi þjóðminjavörður stóran hluta hellanna og í dag eru um 90 hellar á 42 jörðum á Suðurlandi friðlýstir sérstaklega.

Einar Benediktsson skáld rannsakaði marga manngerða hella á Suðurlandi. Í hellunum örvuðust hugmyndir hans um forsögulegt landnám á Íslandi löngu fyrir komu norrænna manna. Jóhannes Kjarval var annar þjóðþekktur maður sem hafði mikinn áhuga á hellunum. Hann teiknaði nokkra þeirra og dró upp myndir af veggristum. Árið 1991 kom út bókin *Manngerðir hellar á Íslandi* eftir þau Árna Hjartarson, Guðmund J. Guðmundsson og Hallgerði Gísladóttur. Í bókinni eru birtar uppmælingar, almennar lýsingar og vangaveltur um 170 manngerða hella, hellaleifar og horfna hella á um 90 bæjum á Suðurlandi. Eru þetta merkastu rannsóknir á manngerðum hellum á Suðurlandi sem ráðist hefur verið í.

Á árinu 2000 urðu tveir stórir jarðskjálftar á Suðurlandi. Á þeim tíma voru friðlýstar fornleifar í umsjá Þjóðminjasafns Íslands. Með breytingu á þjóðminjalögum 2001 var Fornleifavernd ríkisins komið á fót og umsjáin fluttist yfir til þeirrar stofnunar. Í kjölfar jarðskjálftanna aflaði Þjóðminjasafnið upplýsinga hjá landeigendum um hvort skemmdir hefðu orðið á hellunum í skjálftunum. Í ljós kom að víða höfðu hellar skemmt og hleðslur í þeim hrunið. Hjá mörgum landeigendum kom einnig fram að hellar í þeirra landi hefðu látið á sjá í gegnum tíðina og viðhaldi verið illa sinnt.

Þjóðminjasafnið sótti um styrk til ríkissjóðs til að gera úttekt á ástandi hellanna og til viðgerða á þeim sem skemmt höfðu af völdum jarðskjálftanna. Veittur var styrkur að upphæð 4,8 millj. kr. í lok árs 2002 sem rann til Fornleifaverndar ríkisins.

Stóri-Hellir í Ölfushreppi.



Stóri - Hellir



Horft niður í hellinn.



Horft innan úr hellinum og út.

Hellirinn er sunnan í kletti austan við bæjarstæði Hellis sem ekki er lengur í ábúð. Hellirinn er ekki manngerður en hann er friðlýstur. Tröppur hafa verið hlaðnar niður í hellinn, eldstæði er á gólfinu og búinn hefur verið til bálkur meðfram veggjunum, allt frekar nýlegt.

Eystrihellur í Gaulverjabæjarhreppi.



Forskáli.



Horft niður í hellinn.



Kartöflukassar í hellinum.

Núverandi ábúendur nota hellinn sem kartöflugeymslu. Forskáli er framan við hellinn og innan við hann brattur inngangur niður í hellinn. Timburverk í forskálanum og hleðslur í inngangi eru í góðu ástandi. Hleðsla er á einum stað austast í hellinum og stendur hún mjög vel. Talsvert er af nýlegum veggristum í hellinum.

Vestrihellur (Hellnahjáleiga) í Gaulverjabæjarhreppi.



Svæðið kringum hellinn er afgirt.



Hellirinn er notaður sem kartöflugeymsla.

Núverandi ábúendur nota hellinn sem kartöflugeymslu. Reitir umhverfis hellismunnann hefur verið girtur af og talsverðu af trjám plantað innan girðingarinnar. Forskáli er í þökkalegu ástandi, timbur þó farið að fúna. Torf er yfir forskálanum. Hleðslur í inngangi hafa verið styrktar með steypuklínungi milli steina. Hleðslur inni í hellinum eru í góðu ástandi. Letur er á veggjum, ekkert mjög nýlegt. Austan megin við þennan helli er annar nær fullur vegna hruns. Þó mátti sjá hleðsluleifar og fornlegt letur í lofti.

Draugahellir í landi Haugs í Gaulverjabæjarhreppi.



Forskáli er hruninn.



Hrundar hleðslur inn af forskála.



Hrun úr lofti hellisins.

Haugur er ríkisjörð. Ekki er búið á jörðinni. Hellirinn er í slæmu ástandi. Forskálinn er hruninn og hleðslur inn af honum sömuleiðis. Stórt stykki hefur sprungið niður úr loftinu vinstra megin við opið strax og komið er inn í hellinn en hangir ennþá uppi. Hreinsa þarf drasl og mold út úr hellinum endurhlaða hleðslur og byggja upp forskálann. Nýlegar vegggristur eru á veggjunum, bæði frá 1945 og eins frá 2001-2003.

Gimbrahellir í landi Haugs í Gaulverjabæjarhreppi.



Forskálinn er því sem næst fallinn.



Hleðslur í innganginum er hrundar.



Áburðarpokar á gólfi hellisins.

Forskálinn er því sem næst fallinn. Grjóthleðslur í veggjum hans eru að mestu hrundar og timbur og járn í þaki liggur á jörðinni. Gólf hellisins er þakið af áburðarpokum. Í stromp hellisins er búið að rista ártalið 2002 en annars er hellirinn að mestu laus við nýlegt krot. Hreinsa þarf hellinn, fjarlægja bæði rusl og mold. Hleðslur innan við forskálann þarf að endurhlaða og endursmíða forskálann.

Heyhellir í landi Haugs í Gaulverjabæjarhreppi.



Forskáli er hruninn.



Innan úr hellinum.

Forskáli hellisins er algerlega hruninn. Hleðslur við innganginn eru hrundar að hluta. Hellirinn er fullur af drasli, áburðarpokum o.fl. Andlitsmynd á vesturvegg sem talað er um í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi* er óskemmd. Forskálann þarf að endurbyggja, laga hleðslur og hreinsa drasl.

Hellir í landi Seljatungu í Gaulverjabæjarhreppi.



Steinsteyptur forskáli.



Innan úr hellinum.

Framan við hellinn er steinsteypt geymsla og er gengið í gegnum hana til að komast inn í hellinn. Sjálfur hellirinn er í góðu ástandi. Ábúendur á jörðinni segja of mikinn raka í hellinum til að hægt sé að nýta hann sem kartöflugeymslu. Á geymslunni framan við hellinn er flatt steypt þak sem orðið er mjög sigið í miðju svo varhugavert er að fara þar inn. Þegar Matthías Þórðarson skoðaði hellinn haustið 1919 var fyrir honum stór hlaðinn forskáli. Sjö þrep voru úr honum niður í hellinn.

Hellir í landi Syðri-Gegnishóla í Gaulverjabæjarhreppi.



Forskáli hellisins.



Innan úr forskálanum. Hrun í lofti.



Hrun inni í hellinum. Örin vísar á bein.

Girt hefur verið kringum hólinn sem hellirinn er í. Hellirinn er talsvert skemmdur eftir jarðskjálftana 2000. Bárujárn á þaki forskála er hrunið að hluta. Hleðslur í inngangi hrundar að hluta öðru megin. Hleðslur í botni hellisins hafa hrunið. Stórar sprungur hafa myndast í loft hellisins. Bein fundust í moldarhaug innan við hrun. Talsvert er af nýlegu veggjarkroti.

Hellir í landi Hólshúss í Gaulverjabæjarhreppi.



Inngangur í Hólshúshelli.



Hleðslur í innganginum.



Horft upp úr hellinum.

Forskálinn og hellirinn eru í góðu ástandi. Er hann notaður sem geymsla fyrir kartöflur og rófur.

Hellir í landi Gegnishólaparts í Gaulverjabæjarhreppi.



Hellirinn stendur nálægt bæjarhúsunum. Forskálinn er algerlega hruninn fyrir hellismunnann svo ekki er hægt að komast niður í hann. Forskálann þarf að endurbyggja.

Heyhellir í landi Efri-Gegnishóla í Gaulverjabæjarhreppi.



Horft niður í hellinn.



Hleðslur yfir inngangi.



Há hleðsla sem farið er að hrynja úr.

Hellirinn er gríðarstór. Framan við hann standa fjárhús. Úr fjárhúsunum eru níu þrep niður í hellinn. Hellirinn var notaður sem hlaða til 2001. Ábúendur segja hellinn vekja athygli og að minnsta kosti einu sinni hefur komið þangað hópur í „óvissuferð“. Á bænum búa ennþá bræður sem áttu jörðina á undan núverandi eigendum. Annar bræðranna, Karl Þorgrímsson, hefur haldið hleðslum í inngangi hellisins við í gegnum tíðina. Hellirinn er í góðu ástandi. Þó er há hleðsla sem lokar honum til vesturs farin að hallast fram og lítillaga hefur hrunið úr henni. Gera þarf við hleðsluna. Ábúendur segjast hafa leyft að krotað væri á veggum hellisins neðst fyrir neðan innganginn en ekki annars staðar. Engar veggristur voru þar fyrir. Skv. skrá yfir friðlýstar fornleifar eru þrjár hellar friðlýstir á jörðinni Efri-Gegnishólum í Gaulverjabæjarhreppi. Einum þeirra er lýst svo: *hinn þriðji er nú að miklu leyti hruninn, hann er fyrir vestan náttugann, sunnan við götuna til bæjar.* Er hann alveg horfinn í dag.

Rófuhellir í landi Efri-Gegnishóla í Gaulverjabæjarhreppi.



Forskáli er fallinn.



Hrun úr forskála.



Pokar undan rófum.



Steinsteyptur stropur.

Forskálinn er fallinn, hleðslur, timburverk og járn. Hellirinn er fullur af plastpokum og öðru drasli. Var hann notaður sem rófugeymsla fram á síðustu ár. Ábúandi telur að mikill jarðvegur hafi bæst ofan á gólfið frá því hann man eftir hellinum sem barn. Hreinsa þarf út úr hellinum og endurbyggja forskálann.

Skv. skrá yfir friðlýstar fornleifar eru þrjár hellar friðlýstir á jörðinni Efri-Gegnishólum í Gaulverjabæjarhreppi. Einum þeirra er lýst svo: *hinn þriðji er nú að miklu leyti hruninn, hann er fyrir vestan nátthagann, sunnan við götuna til bæjar.* Er hann alveg horfinn í dag.

Kolsholtshellir í landi Kolsholts í Villingaholtshreppi.



Jarðfall við norðurenda hellisins.



Inngangurinn. Sést í steypa vegginn.



Séð upp um strompinn.



Jarðvegshrun við norðurenda hellisins.

Hellirinn er grafinn í gegnum hól og áður mun hafa verið gengið í hann beggja vegna frá. Í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi* er inngangi í hellinn lýst við suðurenda hans: *Forskálinn er hruninn að nokkru leyti, bæði þak og hægri veggur, en vinstri veggurinn, sem er steinsteypdur, stendur enn.* Í bókinni segir að hlaðið hafi verið upp í norðurenda hellisins og að hleðslan standi enn (um 1980) en þó hafi opnast gat út á milli rjáfurs og hleðslu. Við þann enda sem forskálinn stóð hefur orðið svo mikið hrun að heita má að inngangurinn sé lokaður. Við hinn enda hellisins hefur móbergsspöng fallið niður og jarðvegur einnig. Þar er hægt að komast niður í hellinn. Brynjólfur Þór Jóhannsson ábúandi í Kolsholti segir hellinn hafa látið mikið á sjá á síðustu árum, t.d. hafi áletranir í strompi máðst mikið. Á gólfi hellisins er moldarlag sem orðið er svo þykkt að sögn Brynjólfs að það nær yfir áletranir sem hann segir vera neðst á veggjunum. Ljóst er að ráðast þarf í töluverðar framkvæmdir í hellinum, hreinsa út úr honum, loka opi og endurbyggja forskála. Til bráðabirgða þyrfti að loka hellinum því eins og er er hann opinn fyrir veðrum og vindi og m.a. safnast snjór í hann á vetrum.

Hellir í landi Kolsholtshellis í Villingaholtshreppi.



Hellsimunninn.



Innan úr hellinum.



Sandsteinsbogi. Friðlýstur.



Leifar hellis.

Hellirinn sjálfur er í nokkuð góðu ástandi en laga þyrfti hleðslur við inngang og yfirbyggingu forskálans.

Hellir í landi Kampholts í Villingaholtshreppi.



Vestari inngangur. Með tóft fyrir framan.



Eystri inngangur.



Hrun í hellinum.

Í skrá yfir friðlýstar fornleifar kemur fram að þrjár hellar, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn, séu friðlýstir í landi jarðarinnar Kampholts í Villingaholtshreppi. Í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi* segir að Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður, sem friðlýsti hellana í Kampholti 1927, nefni leifar af 2-3 hellum í rana fyrir vestan bæinn og af einum til viðbótar nær bæ. Höfundum bókarinnar tókst ekki að finna þessar hellaleifar. Einn hellir var skoðaður í Kampholti. Í áðurnefndri bók er hann kallaður hellir undir Hellisholti. Ekki er fullljóst hvort þetta er einn af friðlýstu hellunum. Í hellinum er mikið hrun sem getið er um í títtnefndri bók (*Manngerðir hellar á Íslandi*). Sýnilega hefur hrunið meira úr lofti hellisins nýlega, hugsanlega í jarðskjálftunum 2000. Nýja hrunið er við báða munna hellisins. Við annan innganginn er grasi gróin tóft. Hreinsa þarf út úr hellinum.

Ærhellar í landi Þjóðólfshaga í Rangárþingi ytra.



Forskálinn er ónýtur.



Horft upp um gatið á hlöðukumlinu.



Horft niður á garðann í hellinum.

Við Steinslæk eru tveir hellar, annar nokkuð stór en hinn lítill og nær samanfallinn. Stóri hellirinn er friðlýstur. Í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi* er honum lýst svo: *Hann hefur forskála góðan og eftir miðjum hellinum liggur garði úr tré. Hinn endinn opnast, eins og áður sagði, inn í hlöðukumlið. Forskálinn og hlöðukumlið voru endurhlaðin 1957 og aftur 1977. Hellirinn var í fullri notkun um 1980. Hellirinn sjálfur er í þökkalegu ástandi en forskálinn, sem snýr að Steinslæk, er ónýtur. Þakið yfir því sem kallað er hlöðukuml hér að framan er farið en reynt hefur verið að loka gatinu með því að leggja bárujárnsplötur yfir það. Endurnýja þarf hleðslur og yfirbyggingu forskálans, hreins hellinn og smíða þak yfir hlöðukumlið.*

Austurbæjarhellir í landi Þjóðólfsþaga í Rangárþingi ytra.




Forskáli.



Garði í aðalHELLI.




Fjárbað í einum afhellanna.



Hrun í einum afhellanna.

Tveir hellar eru friðlýstir nærri bænum í Þjóðólfsþaga. Annar er horfínn. Hinn er mjög merkilegur, einn aðalhellir með þremur afhellum. 7 þrep liggja niður í hellinn úr forskálanum. Í aðalhellinum er garði og í afhellunum eru m.a. fjárbað og brunnur. Forskálinn er í sæmilegu ástandi. Þó þarf að laga lítillega hleðslur í innganginum. Hleðslur í tveimur opum, sem hlaðið hefur verið upp í, hafa hrunið og jarðvegur runnið inn í hellinn. Moka þarf jarðveginum út og endurreisa hleðslurnar. Í botni afhellisins, sem er beint inn af aðalhellinum eru hleðslur farnar að láta á sjá og þarf að laga þær. Hreinsa þarf rusl og laust efni af gólfunum. Athuga þarf hvort ekki eigi að fjarlægja hleðslu sem lokar göngum sem liggja úr aðalHELLI inn í afHELLI vinstra megin við aðalhellinn þegar komið er niður í hann.

Árbæjarhellishellir í landi Árbæjarhellis í Rangárþingi ytra.



Aftari maðurinn stendur á hrúni í forskálanum.



Búið að taka forskálan niður.



Unnið að viðgerð forskálans.



Strompur.

Hellirinn er í góðu ástandi. Hann liggur nokkuð djúpt í jörðu. Að honum liggur inngangur, um 10 m langur, með 11 þrepum. Steinhlaðnir veggir eru í innganginum, háir næst hellinum. Nýlega var búið að lagfæra innganginn og byggja nýtt þak yfir hann. Í jarðskjálftunum 2000 féllu hleðslurnar í innganginum saman á stórum kafla. Yfirbyggingin skemmdist ekki. Taka þarf yfirbygginguna ofan og endurhlaða veggina í innganginum frá grunni. Víglundur Kristjánsson hleðslumaður var fenginn til að vinna þetta verk sumarið 2003 (sjá skýrslu hans).

Hlöðuhellir í landi Ægissíðu í Rangárþingi ytra.



Steinsteyptur forskáli.



Hrun í strompi. Dökki flöturinn neðst til hægri.



Hrun úr strompi.



Göng yfir í Fjánhelli.

Strompurinn í hellinum er hruninn að hluta og mikill jarðvegur hefur hrunið inn í hellinn, svo mikill að ekki sést í hleðsluna í botni hellisins. Endurbyggja þarf strompinn og búa til falskt þak innan við hann svo hægt sé að fylla upp með jarðvegi að nýju. Úr hellinum liggja göng yfir í Fjánhelli. Göngin munu vera frá seinni tímum.

Fjárhellir í landi Ægissíðu í Rangárþingi ytra.



Forskáli.



Vatnslagnir.



Brunnur.

Þakið yfir forskálanum er hrunið og þarf að laga það. Vatnslagnir og raflögn hafa verið lagðar niður um strompinn og fara í gegnum hleðslurnar í honum. Vatn er ekki lengur tekið úr brunninum sem er í hellinum og vandræðalaust að fjarlægja lagnirnar. Ef helaya á fólki í hellinn þarf að gera einhvers konar umbúnað um brunninn svo ekki stafi hættu af honum.

Skagahellir í landi Ægissíðu í Rangárþingi ytra.



Forskálinn er algerlega fallinn saman og þarf að endurbyggja hann. Ekki er hægt að komast inn í hellinn.

Kirkjuhellir (Túnhellir) í landi Ægissíðu í Rangárþingi ytra.



Hellismunninn.




Fremst á myndinni er hrun innan við hellismunnann.



Strompur.

Framan við hellinn er grasivaxin tóft en enginn forskáli. Mikið hefur hrunið úr loftinu í kringum strompinn. Þrep og hlaðnir veggir meðfram þeim, sem talað er um í bókinni *Manngerðir hellar á Íslandi*, eru horfin undir hrunið.

Hlöðuhellir í landi Ægissíðu í Rangárþingi ytra.



Forskálinn er að mestu horfinn.



Strompurinn er mikið skemmdur.



Gripahellir t.v. og Hlöðuhellir t.h.

Hellirinn er grafinn inn í brekkuna sem liggur að Rangá vestan við Ægissíðu við hlið Gripahellis (Fjánhellis). Lítil forskáli sem verið hefur á hellinum er hruninn. Hellur í lofti þar fyrir innan eru að falla. Hrunið hefur úr hleðslum í strompinum og jarðvegur yfir honum er fallinn inn í hellinn. Sprungur eru í loftinu í kringum strompgatið. Endurbyggja þarf forskálann og gera við strompinn. Í hellinum eru margar veggristur, misgamlar.

Gripahellir (Fjánhellir) í landi Ægissíðu í Rangárfingi ytra.



Forskáli.



Jata meðfram langhlið.



Jata. Fallin að mestu.

Hellirinn er grafinn inn í brekkuna sem liggur að Rangá vestan við Ægissíðu við hlið Hlöðuhellis. Framan við hellinn er nýlega uppgerður forskáli. Þó þarf að laga hleðslu í skálanum og bæta þakið þannig að vatn renni ekki af því inn í forskálann. Meðfram langveggjum hellisins eru jötur gerðar úr hellusteinum og tímbrí. Hluti af hellusteinunum er fallinn. Þá þarf að reisa við og laga jöturnar.

HrútsHELLIR í landi Ægissíðu í Rangárþingi ytra.



Hellismunninn.



Horft út um hellismunnann. Stokkur t.v.

Enginn forskáli en framan við hellinn er grasivaxin tóft, leifar byggingar sem talið er að hafi verið reist framan við hellinn 1895. Hellirinn er í góðu ástandi en fullur af drasli sem hreinsa þarf út úr honum. Stokkur gengur upp úr hellinum í gegnum strompinn og tengdist reykkofa sem stóð ofan á hellinum. Eldur var kveiktur í hellinum. Reykurinn steig upp í gegnum stokkinn og var notaður til að kaldreykja kjöt í kofanum fyrir ofan. Huga þarf að því hvort fjarlægja eigi allar minjar um reykingu úr hellinum eða endurgera hann og þau hús sem reykingunni tengdust og varðveita hellinn í þeirri mynd.

Fjóshellir í landi Ægissíðu í Rangárþingi ytra.



Fjóshellir. Forskáli.



Inngangur.

Hellirinn er í góðu ástandi. Fyrir nokkrum árum var forskáli endurbyggður og inngangurinn lagaður. Laga þarf trébita í lofti inngangsins. Hefur hann verið látinn hvíla ofan á móhellu í loftinu. Móhellan hefur brotnað undan bitanum. Einnig þarf að laga líttillega hleðslur við innganginn og hleðslur í strompi.



Andlitsmynd í Heyhelli í landi Haugs í Gaulverjabæjarhreppi.

LOKAORÐ

Úttekt hefur verið gerð á þriðjungi þeirra manngerðu hella sem friðlýstir eru á Suðurlandi. Almennt má segja að þeir hellar sem nýttir eru á einhvern hátt af landeigendum séu í mun betra ástandi en aðrir hellar. Eigendurnir hafa haldið við forskálum og hleðslum í hellunum. Nokkrir hellanna skemmdust í jarðskjálftunum árið 2000, hleðslur hrundu, sprungur komu í vegg og loft og jafnvel hrundu stykki úr loftunum. Í flestum tilfellum komu þessar skemmdir til viðbótar skemmdum sem lélegt viðhald á hellunum hefur valdið í gegnum tíðina. Í hellunum er fólgin mjög merkileg menningararfleifð. Þótt til séu margir manngerðir hellar hafa þeir flestir mikið fræðilegt gildi vegna sérstöðu sinnar meðal fornleifa. Þá er augljóst að sjónrænt gildi hellanna býður upp á mikla möguleika í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu á Suðurlandi. Í flestum tilfellum þarf þó að gera átak í hreinsun og viðhaldi hellanna áður en hægt verður að veita almenningi aðgang að þeim. Eins og fram kemur í skýrslunni var ákveðið að ráðast í viðgerð á forskála Árbæjarhellishellis í Rangárþingi ytra. Forskálinn er langur og mjór og í honum liggja 11 þrep niður í hellinn. Hlaðnir veggir forskálans féllu saman í jarðskjálftunum 2000. Víglundur Kristjánsson hleðslumaður sá um framkvæmdina (sjá skýrslu hans). Víglundur var jafnframt beðinn um að meta kostnað við viðgerð á hellum á eftirtöldum stöðum: Syðri Gegnishólum, Efri Gegnishólum (Rófuhelli) og Kolsholti. Ekki var þó ráðist í þessar framkvæmdir vegna fjárskorts.

Janúar 2004

Agnes Stefánsdóttir
Kristinn Magnússon